

Ed.

119. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 13 frá 8. júní 1925, um sektir.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Valdsmaður sá, er annast fullnustu sektardóms, hefir heimild til þess að láta afplána sekt, sem eigi er greidd, í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í helmingi skemri tíma en ef um einfalt fangelsi er að ræða, ef hann telur það hentara og læknir telur dómfeldan þola þá fangelsisrefsingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra sektarrefsinga, sem eigi eru greiddar eða afplánaðar þegar þau koma í gildi. Þó þarf samþykki dómfelda til þess að breyta afplánun frá því, sem dómur eða sætt ákveða, ef dómurinn er kveðinn upp eða sætt gerð áður en lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að áður en lög nr. 13 frá 1925 tóku gildi, voru sektir afplánaðar í fangelsi við vatn og brauð.

Þetta þótti á margan hátt óhentugt, enda óviðeigandi og úrelt. Fyrirkomulagið, sem var tekið upp með fyrnefndum lögum, að láta menn afplána sektir í einföldu fangelsi, er að visu mannúðlegra en gamla aðferðin, en er alls

ekki hentugt. Sjerstaklega getnr þetta fyrirkomulag orðið mjög óhentugt núna, eftir að byrjað er að láta fanga afplána refsingu við venjulegt fangaviðurværi á vinnuhælinu á Litla Hrauni. Ef maður hefir verið dæmdur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og auk þess til sektar, sem er mjög algengt að gert sje í sama dómnnum, þá verður dómfeldur að þola fangelsi við venjulegt fangaviðurværi á Litla Hrauni, en þegar því er lokið, getur hann lagt hendur í skaut, hætt að vinna, heimtað sig fluttan í fangelsi í Reykjavík, því samkvæmt lögum nr. 13 frá 1925 eiga sektirnar að afplánast í einföldu fangelsi, og það eiga dómfeldir að þola í fangelsinu hjer í bænum, án nokkurrar vinnuskyldu.

Þegar litið er á eðli sektarrefsingarinnar, er það og á allan hátt mjög eðlilegt, að afplánuninni fylgi vinnuskylda. Með afplánun í einföldu fangelsi, þar sem sökudólgurinn liggur iðjulaus og ríkið elur hann á sinn kostnað, er tilgangi sektarrefsingarinnar alls ekki náð. Með því að láta þá, sem dæmdir eru í sektir eða hafa gengist inn á þær, afplána sektirnar þannig, að láta þá vinna ríkinu tiltekinn dagafjöldu, er tilgangi sektanna hinsvegar stórum betur náð.

Sjerhverjum heilbrigðum manni — því aðrir en heilbrigðir menn verða ekki látnir stunda vinnuna — er það hollara og eðlilegra að vinna heilnæma vinnu en að liggja í algerðu iðjuleysi.

Bæði ríkinu og einstaklingnum, sem afplánar refsinguna, er því þessi afplánunaraðferð í alla staði hentugri.

Það þykir að ýmsu leyti heppilegra, að valdsmaðurinn, sem annast afplánun sektardóma eða sætta, ákveði, eftir því sem hentast þykir í sjerhverju falli, hvorri afplánunaraðferðinni skuli beitt. Það er auðveldara að sjá, hvor afplánunaraðferðin er hentugri á þeim tíma, þegar byrja á að afplána sektina, heldur en þegar dómurinn er upp kveðinn eða sættin gerð, því oft getur liðið talsverður tími frá því að dómurinn er kveðinn upp eða gengist inn á sektina og til þess tíma að byrjað er að afplána hana, og getur margt breyst um hagi og heilsu dómfelds á þeim tíma. En svo er þó um þetta búið, að dómfeldur sje jafnvel settur, því ef hann afplánar sektina með vinnu við venjulegt fangaviðurværi, styttist tíminn um helming.